

Jafnréttis- og mannréttindastefna Dalvíkurbyggðar 2023-2027 Stefna gegn mismunun

Jafnréttis- og mannréttindastefna Dalvíkurbyggðar miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til kyns, kynþátta, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkennis, þjóðernisuppruna, trúar, aldurs, lífsskoðunar, fötlunar, efnahags, ætternis, heilsufars eða annarrar stöðu. Grundvöllur stefnunnar er jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sem kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda.- Í stjórnarskránni er sérstaklega kveðið á um jafnan rétt kynja sem skal vera sýnilegur í allri starfsemi sveitarfélagsins. Til að það nái fram að ganga verða öllum kynjum að standa til boða sömu tækifæri til áhrifa, virðingar og þátttöku í samfélaginu jafnt í opinberu lífi og einkalífi. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Hafa ber í huga að margir skilgreina sig ekki sem annað hvort karlskyns eða kvenkyns. Í stefnu þessari vísar hugtakið kyn til allra kynja,

Dalvíkurbyggð skal vinna að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi sveitarfélagsins og vinna gegn mismunun.

Til þess að ná þessu markmiði skal Dalvíkurbyggð, stofnanir hennar og aðrir sem í hlut sinn fá beina styrki til starfa frá sveitarfélaginu, gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum sínum.

Dalvíkurbyggð hefur jafnræði íbúa og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi. Með því að vinna eftir samræmdri jafnréttisstefnu er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu íbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til. Dalvíkurbyggð er sveitarfélag þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum íbúa er skipað í öndvegi og byggir stefnumótun sveitarfélagsins á þeim gildum.

Dalvíkurbyggð er jafnréttissinnað og lýðræðislegt sveitarfélag sem tryggir öllum jöfn tækifæri og áhrif þar sem þarfir ólíkra hópa eru viðurkenndar. Fjölbreytilegt mannlíf Dalvíkurbyggðar endurspeglir samfélag sem byggir á gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.

Jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar er ætlað að taka til ólíkra hlutverka sveitarfélagsins, þ.e. í fyrsta lagi sem stjórnvalds, í öðru lagi sem vinnuveitanda og þriðja lagi sem veitanda þjónustu og samstarfsaðila.

Stefnan grundvallast af eftirfarandi lögum:

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020

Lög um stjórnarsýslu jafnréttismála 151/2020

Lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018

Lög um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018

Skipan jafnréttismála hjá Dalvíkurbyggð:

Félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar er ábyrgðaraðili jafnréttis- og mannréttindastefnu og skal hún endurskoðuð eigi síðar en ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Félagsmálaráð skal fjalla um jafnrétti innan Dalvíkurbyggðar og vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að stuðla að jöfnum tækifærum. Öllum stofnunum og ráðum sveitarfélagsins ber að vinna samkvæmt henni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttismálin sett í farveg	Félagsmálaráð er ábyrgðaraðili jafnréttisstefnu og ber að vera með jafnréttismál á dagskrá a.m.k tvisvar sinnum á ári.	Sveitarstjórn og félagsmálaráð	Árlega
Öllum stofnunum og ráðum ber að vinna samkvæmt jafnréttisstefnu	Jafnréttisstefnan og áætlun skal kynna fyrir stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins og unnið eftir henni á öllum fagsviðum	Sviðsstjórar og stjórnendur	Lokið fyrir árslok 2023
	Jafnréttisstefnan skal kynnt fyrir íbúum á heimsíðu sveitarfélagsins	Félagsmálaráð	Lokið fyrir árslok 2023
	Jafnréttissjónarmiðum sé fylgt eftir í hvívetna á grundvelli laga og samninga	Sveitarstjórn og sviðsstjórar	Alltaf
	Inntak jafnréttisstefnu sé samþætt með virkum hætti inn í aðra stefnumótun á vegum sveitarfélagsins	Sveitarstjórn og sviðsstjórar	Alltaf

Dalvíkurbyggð sem stjórnvald:

Jafnrétti kynjanna

Við skipan í ráð og vinnuhópa á vegum Dalvíkurbyggðar skal ávallt hafa að leiðarljósi að kynjahlutföll séu sem jöfnust. M.t.t þess skulu tilnefningaraðilar hafa jafnt kynjahlutfall við skipan í ráð, vinnuhópa og stjórnir innan sveitarfélagsins og gæta þess að hlutfallsleg skipting milli kynja verði sem jöfnust. Við tilnefningar skal leitast við að veita innflytjendum og öðrum hópum sem hallar á í samfélaginu tækifæri til þátttöku í vinnuhópum og ráðum. Stjórnsýsla sveitarfélagsins á að vera fordæmisgefandi fyrir aðra aðila í sveitarfélaginu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjahlutfall í ráðun og stjórnun sé sem jafnast	Taka saman upplýsingar um hlutfall kynja í ráðum og stjórnun	Félagsmálaráð	Lokið í júní ár hvert
	Leiðrétta ef hallar á kynskiptingu	Sveitastjórn	Lokið í september ár hvert
	Stjórnmalaflokkum sent bréf til að vekja athygli þeirra á mikilvægi þess að við uppstillingu á framboðslistum skuli huga að hlutfalli kynja	Félagsmálaráð	Haust 2025
Tryggja þarf að tekið sé tillit til sjónarmiða og þarfa íbúa án tillits til aldurs	Dalvíkurbyggð skal hafa samráð við eldra fólk, börn og unglunga þegar ákvarðanir eru teknar sem varða hagsmuni þeirra (öldungaráð og ungmennaráð)	Sviðsstjórar, byggðaráð og stjórnendur	Alltaf
Allir íbúar Dalvíkurbyggðar eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu, sanngjarnri og réttlátri meðferð	Þarfir og sjónarmið allra íbúa sveitarfélagsins skal vera virt og haft samráð við ólíka hópa varðandi stefnumótun og ákvæðunartöku um málefni þeirra s.s notendaráð fatlaðs fólks, hagsmunasamtök vegna kynhneigðar, kynvitundar og kyneinkenna og við sérstaka trúarhópa	Stjórnendur og sviðsstjórar	Alltaf

Dalvíkurbyggð sem vinnuveitandi:

Dalvíkurbyggð vinnur að jafnrétti allra kynja á vinnustöðum sveitarfélagsins og sér til þess að innan þeirra endurspeglist margbreytileiki samfélagsins. Dalvíkurbyggð vill sem vinnuveitandi vera til fyrirmyndar á þessu sviði og mun nýta þau tæki sem felast í mannauðsstefnusveitarfélagsins

Með skipulögðu jafnréttisstarfi verði tryggt að öll kyn njóti jafnréttis á vinnustöðum sveitarfélagsins í hvívetna. Það er stefna sveitarfélagsins að samsetning starfsfólks á öllum vinnustöðum endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Öll kyn skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal öllum kynjum jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun skulu ekki fela í sér kynjamismun. Dalvíkurbyggð vill sem vinnuveitandi tryggja starfsmönnum sínum af erlendum uppruna jafnræði og jafnrétti á við aðra starfsmenn sveitarfélagsins. Þess skal gætt að við ráðningar og ákvarðanir um kjör starfsmanna sveitarfélagsins ráði ekki ómálefnalegar aðstæður.

Öllu starfsfólki Dalvíkurbyggðar skal standa til boða símenntun og starfsþróun, eins og kemur fram í mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar. Dalvíkurbyggð skal sem vinnuveitandi tryggja að öllum starfsfólki verði boðið upp á sömu möguleika á að sækja námskeið við hæfi til að auka þekkingu sína og getu í starfi.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja launajafnrétti og að allar launaákvæðanir séu gagnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar	Framfylgja jafnlaunavottun og endurskoðun hennar	Launafulltrúi, sviðsstjóri félagsmálasviðs og aðrir sviðsstjórar, byggðaráð	Alltaf, fara yfir vottun 1x á ári
Vinna að því að jafna stöðu kynjanna og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.	Taka saman lykilupplýsingar um kynjahlutfall eftir starfsgreinum sem og í stjórnar- áhrifastöðum og bregðast við kynjahalla eftir því sem við á	Launafulltrúi, sviðsstjórar, félagsmálaráð	Í tengslum við jafnlaunavottun
Laus störf á starfsstöðum sveitarfélagsins standi opin öllum kynjum	Atvinnuauðglýsingar skulu að jafnaði vera kynhlutlausar, en sé um að ræða störf þar sem hallar á annað	Launafulltrúi og stjórnendur	Alltaf

	kynið skal vekja athygli á því markmiði jafnréttisáætlunar að jafna kynskiptingu innan starfsgreinarinnar		
	Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öllu jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafnhæfur eða hæfari.	Stjórnendur	Alltaf
Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum	Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir hverja starfsstöð eða benda starfsfólki á námskeið sem nýtast í starfi	Stjórnendur	Alltaf
	Starfsfólki standi til boða símenntun og starfsþróun óháð aldri	Stjórnendur	Alltaf
	Sveigjanleg starfslok, minnkað starfshlutfall eftir því sem árin færast yfir	Stjórnendur	Alltaf
	Boðið upp á starfslokanámskeið	Launafulltrúi	Annað hvert ár
Koma í veg fyrir mismun hvað varðar starfsaðstæður, starfsþróun og símenntun starfsfólks af erlendum uppruna	Innflytjendur og fólk af erlendum uppruna njóti jafnra tækifæra á við annað starfsfólk til starfsframa og starfsþróunar	Stjórnendur	Alltaf
	Starfsfólk af erlendum uppruna sé gefinn	Stjórnendur	Alltaf

	kostur á starfstengdu íslenskunámi eftir því sem þörf er á		
	Starfsfólk af erlendum uppruna fá fræðslu um starfsáætlun, þjónustumarkmið og menningu vinnustaðarins	Stjórnendur	Alltaf

Dalvíkurbyggð leggur metnað sinn í að vera fjölskylduvænn vinnustaður og skal leitast við að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Draga skal úr því að hafa fundi á þeim tímum sem sinna þarf málefnum fjölskyldunnar, á kvöldin eða um helgar. Einnig skal nýta kosti á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum og annarri hagræðingu á vinnutíma eða vinnuskipulagi þar sem því verður við komið og hentað getur bæði starfsfólki og vinnustaðnum. Sérstök áhersla er lögð á að vinna gegn stöðluðum ímyndum um hlutverkaskiptingu varðandi fjölskylduábyrgð. Mikilvægt er að starfsfólk nýti sér þann rétt sem það á varðandi foreldra- og fæðingarorlof.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf	Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað vegna barneigna	Stjórnendur	Alltaf
	Starfsfólk eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma eða vinnuskipulags þar sem því verður við komið og hentað getur bæði starfsmanni og vinnustað	Stjórnendur	Alltaf
	Kappkostað er að hafa fundi ekki eftir hefðbundinn vinnutíma	Stjórnendur og ráð	Alltaf

Dalvíkurbyggð einsetur sér að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt, kynferðislegt sem og einelti Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi í samráði við forstöðumann að binda endi á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi. Vísað er til aðgerðaráætlunar gegn einelti, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni sem gerð er af eineltisteymi Dalvíkurbyggðar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að fordómar, einelti, ofbeldi eða kynbundinn og kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustöðum sveitarfélagsins	Vinna að stöðugum endurbótum á viðbragðsáætlun	Eineltisteymi	Alltaf
	Stefna og viðbragðsáætlun sveitarfélagsins sé kynnt og rædd árlega á starfsmannafundum, svo starfsfólk þekki boðleiðina og geti brugðist við með réttum hætti ásamt því að vera meðvitað um málsmeðferð slíkra mála	Stjórnendur og sviðsstjórar	Árlega
	Stjórnendur skulu kynna stefnuna sérstaklega fyrir nýjum starfsmönnum	Stjórnendur	Við allar nýráðningar

Dalvíkurbyggð einsetur sér að virða rétt fólks með fötlun á vinnustöðum sveitarfélagsins og skapa fordómalaust andrúmsloft í garð einstaklinga með fötlun í starfi. Unnið skal gegn allri mismunun á vinnustöðum sveitarfélagsins, með því að tryggja framboð starfa, vinnufyrirkomulag, vinnutíma og starfsaðstöðu sem hentar fólki með mismunandi starfsgetu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja rétt fatlaðs fólks á vinnustöðum sveitarfél. Og skapa fordómalaust andrúmsloft í garð einstaklinga með fötlun	Fatlaður umsækjandi skal njóta forgagns í störf hjá sveitarfélaginu sé hann jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur	Stjórnendur og launafulltrúi	Alltaf
Fólki með mismunandi starfsgetu verði í auknu mæli gert kleift að starfa hjá sveitarfélaginu	Auka samstarf við úrræði VMST „Atvinna með stuðningi“ og Virk	Stjórnendur, þroskaþjálfari félagsmálasviðs og launafulltrúi	Alltaf
	Greina til hvaða ráðstafana þarf að grípa svo hægt sé að auka	Þroskaþjálfari	Desember

	framboð starfa fyrir fólk með skerta starfsgetu		
	Starfsfólk með skerta starfsgetu fái fræðslu um starfsáætlun, þjónustumarkmið og menningu vinnustaðarins	Stjórnendur	Við upphaf starfs

Dalvíkurbyggð sem þjónustuaðili

Þjónusta við íbúa

Dalvíkurbyggð starfrækir ýmsa þjónustu fyrir íbúa, bæði lögbundna og ólögbundna sem mörkuð er með ákvörðunum sveitarstjórnar. Þjónusta sveitarfélagsins gegnir lykilhlutverki fyrir vellíðan íbúanna. Allar stofnanir sveitarfélagsins eiga að vinna markvisst og skipulega að því að móta þjónustu, þróa þjónustu og upplýsingargjöf í þágu margbreytilegs sveitarfélags. Flétta skal jafnréttisjónarmið saman við alla þjónustu Dalvíkurbyggðar og á þjónustan að einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu allra íbúa. Í allri þjónustu sé tekið tillit til þess að þarfir fólks fyrir þjónustu eru mismunandi eftir aldurs skeiðum

Allir íbúar eiga jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins og skal við ákvörðun um tilhögun þjónustunnar tekið mið af þörfum þeirra. Viðhorf til allra aldurs hópa sem njóta þjónustu sveitarfélagsins sé jákvætt og uppbyggilegt

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Flétta jafnréttisjónarmið saman við þjónustu sveitarfélagsins þannig að hún ýti undir jafnrétti meðal íbúa sveitarfél.	Allir eiga óháð kyni jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins	Sveitarstjórn	Alltaf
Dalvíkurbyggð skal tryggja að samskipti starfsfólks og þeirra sem njóta þjónustunnar sé byggð á gagnkvæmri virðingu og starfsfólk gangi ekki út frá því vísu að allir séu gagnkynhneigðir og sís-	Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geri verið með ólíka kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni. Ólíkar kynhneigðir, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni fólks séu rædd kinnroðalaust	Sveitarstjórn	Alltaf

kynja	og fræðsluefni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar við verður við komið.		
Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á vegum sveitarfél. Og stofnana þess skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi	Fræðsla um jafnrétti sé hluti af skólastarfi og nánar útfærð í skólanámskrá	Sviðsstjóri fræðslu- og menningarráðs og skólastjóri	Alltaf
	Jafnréttisfræðsla skal fara fram á öllum skólastigum Börnum og unglungum skal veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án tillits til hefðbundinna staðalmynda	Skólastjórnendur	Alltaf
	Fræðslufirvöldum og stjórnendum félags- og tómstundastarfs ber að leitast við að styrkja jákvæða kynímynd barna og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal barna og unglunga	Skólastjórnendur	Alltaf
Styrkir Dalvíkurbyggðar fyrir íþrótt- og æskulýðsmál eru veittir til félagasamtaka er virða jafnrétti kynjanna	Sveitarfélagið kallar eftir afriti af stefnum og áætlunum þeirra sem hljóta styrki	Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	Árlega
	Kalla eftir árlegum greinargerðum styrkþega um ráðstöfun styrksins til að fylgjast með að hann sé nýttur á jafnréttisgrunni	Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	Árlega
	Gera kröfu um að þjálfarar og aðrir sem koma að starfi með börnum á vegum félagasamtaka fái fræðslu um jafnréttismál	Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	Alltaf
Við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skal	Ekki skal á nokkurn hátt mismuna börnum og ungmennum eftir kyni þegar	Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	Alltaf

<p>samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi með vísan til 23.gr. í jafnréttislögum</p>	<p>kemur að menntun, íþrótt- og frístundastarfi</p>		
--	---	--	--

Byggingar sveitarfélagsins sem og opinberar byggingar þurfa að vera aðgengilegar fyrir alla, óháð fötlun (vinnuhópur um aðgengismál).

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Að allir íbúar sveitarfélagsins geti nýtt sér þjónustu í stofnunum sveitarfélagsins</p>	<p>Vinnuhópur um aðgengismál geri úttekt á húsnæði sveitarfélagsins og geri athugasemdir ef eitthvað á ábótavant</p>	<p>Vinnuhópur um aðgengismál</p>	<p>Janúar 2024</p>
	<p>Vinnuhópur gerir úttekt á opinberum byggingum og hjá fyrirtækjum sveitarfélagsins og bendir eigendum á ef þörf er á úrbótum</p>	<p>Vinnuhópur um aðgengismál</p>	<p>Júní 2024</p>

Í uppeldis- og tómstundastarfi, menntun og fræðslu á vegum sveitarfélagsins skal tillit tekið til ólíkra siða er tengjast mismunandi trúarbrögðum. Þjónusta sveitarfélagsins skal einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu, óháð stjórn mála- eða trúarskoðunum fólks. Unnið skal að því að útrýma fordómum sem grundvallast á trúar- eða stjórn mála skoðunum

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Tryggt sé að innflytjendur og fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins</p>	<p>Að tekið sér mið af þörfum innflytjenda þegar þjónusta á vegum sveitarfélagsins er skipulögð, fara skal eftir málstefnu sveitarfélagsins</p>	<p>Sveitarstjórn</p>	<p>Alltaf</p>
	<p>Veitt sé túlkaþjónusta í viðtölum hjá ráðgjöfum og í viðtölum samkvæmt málstefnu Dalvíkurbyggðar</p>	<p>Stjórnendur</p>	<p>Alltaf</p>

Brýnt er að félagsmálaráð ræki hlutverk sitt sem jafnréttisnefnd Dalvíkurbyggðar.

Kjörnum fulltrúum og nefndarfólki ber að fara eftir stefnunni og vinna að framgangi hennar.

Jafnréttisáætlun skal vera aðgengileg hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins.

Jafnréttisáætlun skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt á 271. fundi félagsmálaráðs þann 12.09.2023

Samþykkt á fundi sveitastjórnar þann 20.09.2023